Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréf til og málefni bæjarstjórnar1859-1862

Aðfnr. 5208, 7. hluti

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Áður en eg fyrir hönd byggingarnefndarinnar, leyta samþykktar Stiftamtsins að meðfylgjandi útvísunar gjörð á kálgarðsstæði til Herra kaupmanni H. St. A. Thomsens fyrir framan íbúðarhús hans, og með hvörju afnumin verður nokkur hluti af Lækjartorgi, og meðfram breyting yrði að eiga sér stað á þeim vegi sem legið hefir frá stiptamtmannshúsinu í götu sundið fyrir austan hús prestaskólakennara S. Melsteð, verð eg að leyfa mér að beiða álits bæarfulltrúanna um hvört frá þeirra hendi verði einnig álitið tiltækilegt að téð kálgarðsútvísan skuli eiga sér stað, enda þótt byggingarnefndin ekki væri tækilega hafi haft ámæli því að kálgarðsstæði veri á þeim fyrrnefnda bletti, hvar fyrrum, í grendinni optar en einusinni hefir verið neitað um húsarstæði.

Til hliðsjónar leyfi eg mér að láta meðfylgja útskrift af bæarfulltrúafundi 16 mai 1857. —

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 12 mai 1862

A. Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fremur verð jeg að leita yðar álita um, hvort ekki muni vera tiltækt, að bæjargjaldkeranum verði uppálagt, að breyta nokkuð þeim eyðublöðum, sem hann hingaðtil hefir brúkað til reikninga handa þeim sem greiða bæjargjöld, þannig, að í reikningi til greiðendanna sje sjerstaklega tilfært, hversu mikið þeir skuli greiða, í tíund, lóðartoll, af tómthúsi, af óbyggðri lóð, af timburhúsum og loks aukaútsvar. Með þessu móti getur sjerhver greiðandi betur en ella orðið þess áskynja, hvar gjaldstofninn er að öllu gjaldi hans, og jeg hefi orðið þess var, að mörgum greiðendum sje þessi breyting næsta kærkomin.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 23. April 1862

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að fátækranefndin hér í bænum hafi heimilað Erlendi nokkrum Ingimundarsyni frá Hafnarfirði tómthúsmannsleyfi hér í bænum frá næstkomandi krossmessu, undanfelli eg ekki hér með að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til athugunar við næstu niðurjöfnun

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 23. April 1862.

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1-2, 3
1-2, 4

5, 5, 3
100-
650 - 10
756, 10 - 11 - 5
5 - 10
189
16 // 15

20 - 4 - 11
8 - 4
4 - 3
22 - 5

253
63
316
1

3 - 4. 5.

120
30
15

136
182

18
4

22 - 5 - 2. -

11 - 5
5 - 9
20
20 - 16

6 - 2, 11
2. 5, 10
3 - 1 - 2
2, 4, 1

1103 -
106
997
166
42
208

25.
20

3 - 1 - 8
1 - 1

25.
30

35.
9
30 - 4

4 - 3 - 1
6 - 3 -

5, 939 - 2, 11

711
732
386

1/2 - 11

1.

3
382

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjenpart

Extract af Reykjavik Kjöbstads Kammer-Regnskab: fra Janr 1. 62. – 31 Marts

1862	Indtægt:	Rdl	ß.	Rdl	ß.
Janr 1.	Cassabeholdning, modtagen af Herr C O Robb	356	93.		
	Resterende Communalbidrag vide Rest: Liste	284	1.		
	Udestaaende Vagnleie, Grundskat og afgivter	6	72.	647.	70.
Febr: 22.	Indbetalt af Gudbrandur Gudnason til Fattigvæsenet	.	.	2	.
Marts 21.	Indbetalt af Herr Land og Byfoged A Thorstenson af Laanet til Vedligeholdelse og Forbedring af Spröiterne	.	.	100	.
	I Leie af Byens Vagne, indkommet	.	.	2	20.
			Rdlr rmt	751	90.

1862.	Udgivt:	Rdl	ß.	Rdl	ß.
	I a. Til Vægter Gudmund Gissurson 3 Mds Gage . 15r	45	.		
	2 " " Hannes Hanson, 2½ mds do . 18r	45	.	90	.
	II. Udbetalt til Kassereren for Fattigvæsenet	.	.	200	.
	IV. Udbetalte Arbeidspenge ved Byens Gader	.	.	22	70.
	V. Inventariums Vedligeholdelse	.	.	9	56
	VI. Udbetalt Pension til Hendricksen for 1861.	.	.	40	.
	VIII. Betalt til Herr J Svendsen for Tilgodehavende fra forrige Aar for Opmaaling af Byens Grund	.	.	30	.
	IX. b. Til Vægter G Gissurson, Tillæg til hans Gage 3 Md à 9 ß	.	.	4	48.
	Af Laanet til Spröiternes Vedligeholdelse udbet.	.	.	8	5.
Marts 31.	Resterende Communalbidrag	257	88.		
	Udestaaende Vagnleie, Grundskat etc	6	72.		
	Cassebeholdning	82	69.	347.	37.
			Rdlr: rmt:	751	90.

Reykjavik d 1 April 1862.

C.H. Thorsen(?)

(fst. Kæmner)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð óska jeg undirskrifaður ásamt Haldóri Kennari Fridrikssyni, að hinni heidrudu Bæjarstjórn í Reykjavík, mætti þóknast, að leigja eða selja okkur tjarnarenda slæjurnar móti 4 Rdl. afgjaldi árlega, en þó svo að leigutíminn yrði ekki skemri en 20 ár í senn; en geti nú hin heidraða Bæjarstjórn ekki gengið að ofanstjeðum skilmálum, óskum við að greindar slæjur yrðu sem allra fyrst settar til uppboðs. —

Reykjavík 7 Mai 1862.

Magnus Þorkelsson
fra Grímsstöðum

Til
hinnar heidrudu Bæjarstjórnar. Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

hinnar heidrudu Bæjarstjórnar

í

Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með sölubréfi á bæ mínum í Þing-
holti, dagsett 5. okt 1861, hefi eg afsalað
mér 175 ferhyrningsálnir af nýútmældri
lóð minni til Magnúsar Árnasonar,
og bið eg hina heiðruðu bæjarstjórn Reykja-
víkur að draga þessar 175 ferhyrningsálnir
frá lóð þeirri, er eg hefi nýfengið, ásamt
með ~~með~~ minni gömlu bæjar lóð. –

Reykjavík, dag 24 april 1862.

Torfi Þorgrímsson.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í framhaldi af brjefi mínu til hinna heiðruðu bæarfulltrúa dags. í gær vil eg þess getið að eg áforma að bera undir halda fund við bæarfulltrúana viðvíkjandi afhendingu þeirra túna er brjef Stiptamtsins getur um, og mundi þessi fundur verða haldinn rétt fyrir páska

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 11 Apr 1862.

A Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 7. þ.m. hefur Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi skrifað mjer svohljóðandi brjef:

„Með 2 brjefum frá 11 næstf. mán. hafið þjer, Herra bæjarfógeti sent mjer 2 uppástungur bæjarfulltrúanna um það, að leita samþykkis stjórnarinnar um að afsala til ævarandi eignar og móti árlegu eptirgjaldi til bæjarsjóðsins 1. það svokallaða Melkotstún, (sem þegar fyrir 2 árum er búið að bjóða og afsala með þessum kjörum og 2. Hólakots- eða Hólkotstúnið og loks þann svokallaða Ullarstofupart ásamt sef-ítaki í tjörninni.

Út af þessu skal jeg hjermeð þjenustusamlega leyfa mjer að láta yður Herra bæjarfógeti í ljósi, og biðja yður jafnframt að gefa bæjarstjórninni það til vitundar, að þó að vísu margt virðist að mæla fram með uppástungu hennar að afsala tún þau, sem hjer ræðir um, til ævarandi eignar og mót afgjaldi til bæjarsjóðsins, en þó einungis með því móti að afgjaldið nokkurnvegin jafnist við leiguna, sem greidd hefur verið og greiðist af túnum þessum, því að öðrum kosti rýri það tekjur bæjarins eins og jeg ætla að orðið hafi með Skálholtskotstúnin og það þannig væri yfirgnæfandi ástæða til að leita þessarar uppástungu samþykkis stjórnarinnar, þá er þó hjer að athuga, að eignarrjettur bæjarins til þessara umræddu túna, sem ekki liggja á Kaupstaðarins upprunalegu útmældu lóð, er miklum vafa bundinn, og skal jeg í þessu tilefni leyfa mjer að leiða Herra bæjarfógetans þóknanlega athuga að brjefi Stiptamtmanns Rosenörns frá 6. April 1847 til bæjarfógetans, sem hjer var þá, því í þessu brjefi er það sagt nokkurnvegin með berum orðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þeim skorti eignarheimild fyrir þjeðum túnum og talin merkileg og sennileg sök fyrir þeirri skoðun á málinu, og jeg get því ekki komist hjá, um leið og jeg beri uppástungu bæjarstjórnarinnar um afsölun túnanna undir stjórnina, að taka fram þessa skoðun Stiptamtmannsins, og mundi þá niðurstaðan verða sú, að stjórnin mundi heimta, áður en hún legði úrskurð sinn á málið, að ítarlega yrði grafist eptir, hvernig á túnunum stæði og hverja eignarheimild bærinn hefði fyrir þeim og mætti þá svo fara að bærinn ekki geti sannað heimild sína þó hægt sje að sanna, að bærinn hafi haft afnot túnanna um lengri tíma. Það er því að minni áliti óráðlegt, að halda þeim tilgreindu uppástungum lengra fram að svo vöxnu máli og á meðan ekki er búið að rannsaka eptir því tilefni og með þeirri leiðbeiningu, sem brjef Stiptamtmanns Rosenörns gefur, hverja eignarheimild bærinn hafi fyrir optnefndum túnum. Þetta hefði augsýnilega fyrst að vera komið í kring og skyldi þá svo fara, að það yrði ekki sannað, að bærinn nokkurntíma hefði eignast túnin og mjer liggur við að halda að það mundi verða niðurstaðan, þá liggur næst, að sækja til stjórnarinnar og biðja hana um, að láta bænum eptir þessi tún til eignar þar sem bærinn er búinn að hafa þeirra not í lengri tíma og geti að öðru leyti ekki án þeirra verið, sjerílagi vegna vantandi byggingarstaða.

Hvað jeg ekki undanfelli hjermeð að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæjarfogeta í Reykjavík, 10. April 1862

A Thorsteinson.

Til

Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 2. þ. m. hefir Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi tilkynnt mér bréf lögreglu-ráðherrans, dags. 25. febr. þ. á. svo hljóðandi:

"Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit herra Stiptamtmannsins, dags. 4. nóvbr. f. á. um hingað senda umkvörtun bæjarstjórnarinnar í Reykjavíkur kaupstað yfir því, að þér án þess fyrirfram að hafa leitað álita hennar, sem og án þess, að hafa gætt hinna fyrirskrifuðu ákvarðana í tilskipun frá 27. novbr 1846, § 21, um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, hafið sett bæjargjald það, er jafnað var á factor og prentara E. Þórðarson, árið 1861, úr 12 rd niður í 10 rd., tilkynnist hér með yður til þóknanlegrar eptirbreytni og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að þó að það sé sjálfsagt, að gæta verði aðferðar þeirrar, er ofannefnd lagaákvörðun fyrirskipar, þá er menn bera sig upp undan ~~ta~~ úrskurðum bæjarstjórnarinnar um bæjargjöld,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá virdist þó ekki í því atriði, er hér rædir um, hafa verið vikið svo frá lagareglunni, að þar við hafi orsakast nokkur veruleg áhrif á málið sjálft, og það því miklu síður, sem kærandinn, samkvæmt því, er herra Stiptamtmaðurinn hefir frá skýrt, hefir byggt umkvörtun sína til Amtsins á sömu ástæðum, sem hina fyrri umkvörtun sína til bæjarstjórnarinnar, svo að Stiptamtið því hefir haft með höndum bæði umkvörtunina til bæjarstjórnarinnar og svar hennar frá 15. Júlí f. á."

Þetta undanfelli eg ekki að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum hér með.

Skrifstofu bæjarfógeta. Reykjavík, 20. April 1862

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Stiptamtmanninum yfir Íslandi hefi eg fengið bréf dagsett 8 þ. m., á þessa leið:

„Í yðar heiðraða bréfi frá 4. þ. m. hafið þér skýrt Amtinu frá, að reikningur gjaldkerans fyrir næstliðið ár yfir tekjur og útgjöld bæjarins væri kominn og lagður til sýnis á bæjarskrifstofunni og að endurskoðun reikningsins gæti byrjað í seinni hluta yfirstandandi mánaðar, en jafnframt hafið þér tekið það fram, að Apothekari Randrup, sem var kosinn til þess, að endurskoða gjaldkerareikningana árið 1858 fyrir næst fylgjandi 6 ár væri erlendis, og væri því ekki annað fyrir hendi, en annaðhvort að kjósa annan til þess að yfirfara reikninginn í þetta skipti, eða þó öllu heldur að bíða útkomu Randrups, og í öllu falli að fresta málinu þangað til póstskipið væri komið í næsta mánuði.

Út af þessu skal eg leyfa mér þénustusamlega að láta yður í ljósi, að eg er yður samdóma í því að láta við svo búið standa þangað til póst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skipið er komið og það því fremur, sem heyrst hefir, að Apothekari Randrup mundi væntanlegur með skipinu og ekkert periculum in mora þangað til".

Þetta undirskrifaði og ekki hér með að tilkynna yður.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 12 marz 1864

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frá Stiptamtmanninum yfir Íslandi hefi eg meðtekið bréf dags. 8. þ.m. á þessa leið:

"Eptir gefnu tilefni í bréfi bæjarstjórnarinnar frá 25. þ.m. hefi eg í gær lagt það til í bréfi til lögstjórnarinnar, að bæjarstjórninni megi veitast leyfi til, uppá þá skilmála, sem í téðu bréfi hennar eru nefndir að taka 400 rd. lán, sem eg hefi stúngið uppá að veittust úr Hafnarsjóði Reykjavíkur bæjar til að koma brunatólum bæjarins í viðunanlegt horf, og hefi eg um leið skýrt lögstjórninni frá að eg í fullvissu um samþykki hennar til lánsins með því nauðsynin er bráð ætlaði strax að ávísa 100 rd. uppá lánið.

Eg skal því biðja bæjarstjórnina eða lýtur herra bæjarfógeti, hennar vegna, að sjá svo um að hið nauðsynlega hér að lútandi verði afgjört við hafnarnefndina, sem sjálfsagt hlýtur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fá í hendur 4% skuldabrjef bæjarstjórnarinnar
fyrir láninu."

Þetta læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður, og
mun eg hið fyrsta sem getur, gjöra nauð-
synlega ráðstöfun.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 12. marz 1864.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmed læt eg ekki hjálída ad tilkynna
Ydur, ad frá minni hendi er því ekkert til fyrir
stödu ad Gudni Einarsson í Midholti takist
á hendur skuldbinding til þess fyrir hönd
Gudbr. Gudnasonar ad byggja af hendi klakhögg
og rennumokstur hér í bænum þad eptir er
af þessum vetri med þeim skilmálum er
þessir menn hafa umsamid sín á milli.

Skrifstofu bæarfogeta í Reykjavík 11 Marts 1862

AThorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir í dag skrifað mèr þannig:

„Þèr hafið, herra bæjarfógeti, sent Amtinu með yðar og bæjarstjórnarinnar erklæringu, umkvörtun jarðyrkjumanns Gísla Ólafssonar hèr í bænum, út af því, að lóðargjaldi hafi verið jafnað á eign hans, það svo kallaða „nýja tún", sem hann álítur ekki hafi lagaheimild við að styðjast, og hefir hann því óskað, að Amtið vildi leggja úrskurð sinn á málið, og slíta þeim ágreiningi, sem um þetta lóðargjald sè milli hans og bæjarstjórnarinnar, á þann hátt, að hann verði álitin laus við lóðargjaldið.

Út af þessu skal eg ekki undanfella, að láta yður þènustusamlega í ljósi og biðja yður að tilkynna það jarðyrkjumanni Gísla Ólafssyni, að spursmál það, sem hèr ræði um, sè að Amtsins áliti þess eðlis, að það rèttilega beri undir úrslit dómstólanna og að hann því, til þess, að fá spursmálið útkljáð verði að halda því til dóms og laga á venjulegan hátt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en að hann jafnframt, ef hann beiðist þess, muni geta fengið gjafsókn í málinu, og hins sama getur bæjarstjórnin einnig vænt, ef á þarf að halda".

Þetta tilkynnist hér með hinum heiðruðu bæjarfulltrúum

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 11. februar 1862

A Thorstensen

Til

Bæjarfulltrúa Reykjavíkur Kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að jeg hinn 17. þ. m. hafi útgefið borgarabrjef handa Herra C. J. Nicolaisen til að vera vera meistari í skóaraiðn og borgari hjer í bænum, það vil jeg ekki láta hjálíða að gefa hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 21. Febr. 1862.

A Thorstensen

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aar 1862 den 8 Februar blev der af Byfogedi Reykjavik A Thorsteinson tilligemed Byens Brandinspecteur Herr Doctor A P. Wulff i Forening med tilkaldte kyndige Mænd Herr Consul E Siemsen, Skomagermester P. J. Nicolaisen og Kleinsmed J. Helgesön, alle her af Byen afholdt Syn og Besigtigelsesforretning over Reykjavik Kjöbstads Brandredskaber, samt Overslag affattet over de forskjellige Omkostninger, der maatte hidföres, ved bemeldte Inventariums mangelfulde Tilstand.

Byfogden bemærkede, at han havde anmeldt bemeldte Forretnings Afholdelse for Stiftamtmanden og Borgerrepræsentanterne i Tilfælde af at disse maatte önske at overvære Forretningen, som derefter blev fremmet som fölger.

1. Spröite med dobbelt Pumpeværk

Pumpeværk befindes at være godt og brugbart efter de Reparationer som Herr Brandinspecteur Wulff har ladet foretage ved samme, efterat han i Begyndelsen af indeværende Aar overtog Bestyrelsen af Brandvæsenet.

1. Stange til Pumpeværket. Er i daarlig Tilstand Læderet for en Deel skjörnet, og ganske morst, paa enkelte Steder ikke fri for at vise Spor til Forraadnelse. Ved at bemeldte Stange nærmere efterrees og forbedres, navnlig ved Omsyning paa enkelte Steder og forsynes med hensigtsmæssige Löbere af Læder paa sine Steder, antages den med Anvendelse af Forsigtighed at kunne blive brugbar, men under ingen Omstændigheder paalidelig i Ulykkestilfælde

Den forelöbige Reparation anslaaes til Rd. 10. – „

Da der til denne Spröite kun er en Stange, som ikke kan antages at være paalidelig er det nödvendigt at der til Pumpeværket anskaffes en ny Stange. Her paa Stedet kan man ikke nu for Tiden gjöre Overslag over hvad samme vil koste, og man anslaaer derfor Omkostningerne ved samme tilnærmelsesviis til Rd 100 – „

Vogn hörende til denne Spröite brugbar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Sprøite med enkelt Pumpeverk. No 1	Pumpeverk gammelt og i nogenlunde brugbar Stand, Behöver Eftersyn, samt en ny Löfterstang da den nærværende er for kort, endvidere en Sæt af Tommer og 2 Bærestænger	Rd 110 — "
	Reparation i det Hele anslaaes til Rd	12 — "
	Stange til Pumpeverket i daarlig Stand og gjelder om samme hvad der er bemærket med Hensyn til Stangen til No 3.	
	Foreløbige Reparationer anslaaes til Rd	15 — "
	Anskaffelse af en ny Stange ligesom til No 3 Rd	100 — "
1. Sprøite med enkelt Pumpeverk No 2.	Pumpeverk brugbart, behöver at adskilles og smøres m. fl. Smaareparationer	
	Stange dertil middelmaadig, brugbar, trænger paa sine Steder til Omsyning	
	Reparationer anslaaes til ~~Rd~~ Rd	6 — "
2 Stykker Brandkar. 30 Stkr Brandspande 4 Stkr Slangeskruer	Disse 2 Brandkar kan blive brugbare efter at der er satte nye Baand paa dem Anslaaes til Rd	4 — "
	16 Stkr Brandspande bör casseres som ubrugbare Resten 14 Stkr behöve større og mindre Reparationer som anslaaes til Rd	8 — "
	4 Stkr Slangeskruer gode, men paa Grund af Slangernes slette Tilstand behöver der anskaffes i det mindste 8 Stkr af forskjellige Dimensioner Rd	20 — "
	2 Stkr Brandkar kan ikke være tilstrækkelig; Indskrænker man sig foreløbig til Anskaffelsen af et nyt paa 8 Td anslaaes samme til Rd	20 — "
	Nye Brandspande 30 Stkr eller 10 Stkr til hver Sprøite anslaaes til Rd	40 — "
	3 Mundstykker i Reserve til Sprøiterne anslaaes til Rd	6 — "
	Brandstiger forefindes ikke	
	3 Stykker solide og tilstrækkelig lange Brandstiger, hvormed 1 Brandhage og Kjetting anslaaes til Rd	30 — "
	Nedbrydningsredskaber Øxer Luftrøvandre o. s. v. mangle aldeles. Udgifter til at anskaffe samme anslaaes til Rd	25.
	Forudsat at man vil være sikker paa at Brandredskaberne efterat de ere komne i Orden blive ordentlig vedligeholdte, vil det være nödvendigt at der ansættes faste Folk til at vedligeholde Brandredskaberne Denne Udgift anslaaes aarlig til 4 à Rd 20.	
	Overføres	396 — "

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

		Rd.	Sk.
	Overført	396	"
Brandhuset.	~~Taget paa samme i daarlig Tilstand~~ I Brandhuset befindes at være Mangel paa Plads. Hvis Brandkassene blive henflyttede til et andet Sted, kan Brandhuset afgives til nogenledes lovlig Gjemmested for Redskaberne, efterat Taget paa samme, som nu for Tiden er i slet Tilstand, er repareret, og Knager opsatte til Slangerne.		
	Reparation af Huset	14	"
	Husleie for Brandkasserne	2	"
	Rd.	412	"

Forretningen hermed sluttet

d. u. s.

A. Thorsteinsson   A. P. Wulff   E. Siemsen   P. J. Nicolaisen

J. Helgason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að tilkynna yður að Stipt-
-amtmaðurinn með bréfi dags. í dag hefir samþykkt
kosningar þær á bæarfulltrúum sem framfóru
þann 3. þ. m. samkvæmt hverjum Hr. mála-
-færslumaður J. Guðmundsson og kaupmaður
C. O. Robb eru kosnir til bæarfulltrúa hinn
fyrrnefndi í 6 ár og hinn síðarnefndi í
eitt ár

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 23 Jan. 1862

A. Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtmaðurinn hefir þann 21 þ. m. skrifað mér á þessa leið:

Að eg í dag hefi skikkað Kaptain A. P. Wulff sem „Brandinspecteur" og meðlim byggingarnefndarinnar samt einnig snikkara Jóhannes Jónsson sem meðlim byggingarnefndarinnar í Reykjavík

það læt eg ekki hjálíða hérmeð að gefa yður til vitundar.

Þetta tilkynnist yður hérmeð.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 22 jan. 1862

A. Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að skora á Yður, að þér úr Yðar flokki í stað fyrrverandi bæarfulltrúa herra Kaupmanni M. P. Johnsen, sem hefir verið í stjórnarnefnd sjóðsins handa ekkjum og börnum drukkn-aðra fiskimanna frá Reykjavík og Gullbringusýslu, í hans stað kjósið meðstjórnanda á ný, samkvæmt 5 gr. í reglugjörð fyrir téðum sjóði, og að þér búin skýrið mér frá því.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 22 januar 1862.

A Thorsteinson

Til
Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð sendi eg yður Áætlun yfir tekjur og út-gjöld Reykjavíkur kaupstaðar fyrir árið 1862 í eptirriti, og er áætlan þessi samþykkt af Stiptamtmanninum.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 22 Jan. 1862.

A Thorsteinson

Til
Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir hinn 20. þ. m. skrifað mér þannig:

Eins og yður, herra bæjarfógeti, er kunnugt, hefir herra landlæknir Hjaltalín fastlega ráðað á Amtið að ljósmóðir Ragnheiður Olafsdóttir hér í bænum væri þegar látin segja af sér, og ljósmóðir frá fæðingarstiptuninni í Kaupmannahöfn, Þorbjörg Sveinsdóttir skipuð í hennar stað, þar sem téð Ragnheiður Olafsdóttir elli vegna ekki lengur gæti gegnt köllun sinni. Út af þessu skrifaði eg herra landlækninum þann 23. Decbr seinastl. og þar sem téð yfirsetukona með samþykki og vitund bæjarstjórnarinnar hefir fengið upp á sinn kostnað yfirheyrða yfirsetukonu til að gegna fyrir sig og engin umkvörtun væri mér vitanleg yfir þessari ráðstöfun, þætti mér það of hart aðgöngu, að víkja Ragnheiði frá nú þegar, þó hún sjálf ekki væri orðin lengur fær um að gegna köllun sinni, einkum þegar hæfileg hliðsjón væri höfð af hennar löngu og góðu þjónustu, og þeirri ráðstöfun hennar, sem þegar var getið, og þó einkum meðan það ekki væri komið í kríng, hvort hún gæti fengið nokkur eptirlaun úr opinberum sjóði auk þeirra litlu eptirlauna sem hún gæti gjört sér von um að fá af bæjarsjóði, en að þetta seinast talda atriði gæti ekki orðið komið í kríng fyr en í vor komandi, enda

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

virkist allt geta staðið eins og nú væri komið þang-
að til.

Landlæknirinn hefir nú aptur skrifað mér og látið í ljósi óánægju sína yfir þessari skoðun minni og meðferð á málinu og lýst því yfir, að hann, eins og nú sé komið ekki sjái önn-
ur urræði en að kæra málið fyrir Justits-
ministerio og Sundhedscollegio í Kaupmanna-
höfn og þó eg nú reyndar ekki geti betur
skilið en eg hafi tekið í mál þetta sam-
gjörnlega eptir kringumstæðunum og einskis rètti sè hallað vil eg þó ekki, eins og í strengtu við landlæknirinn, halda máli þessu fram þannig að það fyrirkomulag, sem nú er, haldist eptirleiðis og nægjóist eg því til hèr með að biðja yður, herra bæjarfógeti, þènustusamlega um, að fá yfirsetukonunni, Ragnheiði Olafsdóttur frá þessum málarógtum og að láta hana sækja um lausn með eptirlaunum bæði úr bæjarsjóði og úr opinberum sjóði, og láta hann jafnframt í ljósi að hún verði að vera búin að þessu svo tímanlega, að eg geti með póstskipinu í Martsmánaðr næstkomandi skrifað stjórninni út af eptirlaunum hennar, en hvað eptirlaun hennar úr bæjarsjóðnum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

merkir, er eg sannfærður um, að bæjarstjórnin, sem að öðru leyti hefir tekið svo mannúðlega í málið muni fús til að hlynna að því, að þau verði svo rífleg, sem unnt er."

Þetta undanfelli eg ekki hérmeð að tilkynna yður til athugunar og eptirbreytni.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 21 Jan. 1862.

AThorsteinson

Til

Yfirsetukonu, Mad.me Ragnheiðar Ólafsdóttur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefir þann 10. þ. m. skrifað mjer þannig:

„Hin heiðraða bæjarstjórn hefir með brjefi hennar frá 11. f. m. sent Amtinu umkvörtun ekkjunnar Sigríðar Guðmundsdóttur útaf því að útsvar hennar hafi með úrskurði bæjarstjórnarinnar frá 26. Júli er næst leið, alltsvo eptir að sá lögboðni tími, sem borgun bæjargjaldanna er bundinn við, var útrunninn, verið hækkað um 1 rdl., sem hún álítur ekki hafi næga lagaheimild við að styðjast.

Úrskurður bæjarstjórnarinnar er byggður á því, að hagur Sigríðar hafi batnað eptir það að búið var að ákveða bæjargjald hennar með því hún í vor er leið, hafi fengið vinnumann með sjerlega góðum kjörum; en í þessu atriði virðist ekki fólginn hvorki eptir eðli málsins nje eptir löggjöfinni næg ástæða fyrir því við auka-útsvari, sem ekkjunni Sigríði hefir verið gjört að greiða, því eptir þeirri reglu ætti að hækka útsvarið hjá hverjum þeim, sem á útsvarsárinu fær verulega bætt kjör sín, til a. m. með arftöku, launaviðbót o. svo frv., en það er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

alkunnugt, að slíkt þó ekki á sjer stað, enda yrði niðurjöfnun útgjaldanna með þessum hætti undirorpin sífeldri umbreytingu á gjalddaga-árinu.

Jeg get því ekki betur sjeð, en að auka útsvar það, sem hjer ræðir um eigi að falla burtu fyrir yfirstandandi ár".

Það undanfelli jeg ekki að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 12 Dec 1864

A Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afskrift

„Hið íslendska Departement hefir þann 20. Oct. er næst leið skrifað mér þannig:

„„Ved at fremsende vedlagt hertil indkommen Andragende, hvori forhenværende Politibetjent i Reykjavík, H. Hendriksen anholder om en fortsat Understøttelse af bemeldte Kjøbstads Commune af idetmindste 60 rd. aarlig, skulde man næst at bemærke, at det Tidsrum af 3 Aar, i hvilket der har været tilstaaet Andrageren en aarlig Understøttelse af 40 rd., udløber med indeværende Aar, og idet man henleder Opmærksomheden paa Stiftamtets Udtalelse, angaaende denne Sag i Skrivelse af 18. Novbr 1858, tjenstligst anmode Herr Amtmanden om behageligen at ville forelægge vedkommende Communalbestyrelse bemeldte Andragende til Afgjørelse, hvorhos man af Hensyn til den Paagjeldendes store Trang maatte ønske om muligt at modtage Svar med Postskibet tilbage"".

„Um leið og jeg hjermeð þjenustusamlega leyfi mjer að senda hinni heiðruðu bæjarstjórn þetta málefni til hennar góðu afgreiðslu, skal jeg með tilliti til þess tilvitnaða brjefs frá Stiptamtinu, jafnframt geta þess, að þar er mælt fram með því, að sá Hendriksen veitti styrkur yrði 60 rd. að minnsta kosti, og að hann fengi þenna styrk svo lengi, sem hann þyrfti hans með, svo skal jeg einnig geta þess, að því leyti svars var óskað með póstskipinu, að jeg brevi manu hafði afhent herra bæjarfógetanum brjefið til þess hann beri það undir bæjarstjórnina, en vegna annríkis

hefði hann ekki getað komið því við áður en skipið fór hjeðan. Brjef Hinriks óskast endursent—

Íslands Stiptamtshúsi d. 6. Decbr 1861

Th. Jónasson
cst

Til

Reykjavíkur bæjarstjórnar."

Rétt afskrifað staðfestir

A. Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að senda bæarfulltrúunum eptirrit af meðfylgjandi skjölum: ~~hvar~~ viðvíkjandi styrk af bæarsjóðnum til fyrverandi lögregluþjóns Hendriksens, til þóknanlegrar hliðsjónar og íhugunar

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 12 Dez 1861

A Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afskrift.

Underdanigst Ansøgning!

Paa Forventning at der nu med Postskibet maatte være nogen Understøttelse til mig fra Island, beder jeg at det høie Departement snarest muligt vilde meddele mig samme; og er der intet bevilget mig saa beder jeg at der naadigst maae udvirkes mig Hjelp forend Vinterens Komme, da jeg aldeles Intet har at leve af; og at der for Fremtiden fra 1862 maae tilstaaes mig noget mere end de mig i de sidste 3 Aar bevilgede 40rd og saaledes at der mindst maa forundes mig en aarlig Understøttelse af 60rd; som dog kun vil være til det tørre Brød og jeg lever som sædvanlig i meget fattige og daarlige Omstændigheder. Deres naadige Hjelp og Bønhørelse forventende undertegner jeg mig det høie Departements underdanigste

H. Hendrichsen
forhenværende Landsoverrets og Politibetjent
i Reykjavik

Aarhuus den 5 September 1861.

Aaagade No 220.

Til
det Kongelige Islandske Departement.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afskript.

Við komu póstskipsins hingað í gærdag, hina seinustu ferð þess í haust, hefi jeg orðið þess áskynja, að frá stjórninni muni enn nú ekki kominn neinn úrskurð ur viðvíkjandi málefninu um laun Organistans hjer við dómkirkjuna, sem í fyrra voru sett til 200 rd., hvaraf ríkissjóðurinn eins og að undanförnu borgar 80 rdl., en hinir 120 rdl. jafnast niður á sóknarmenn. Jeg hefi einnig orðið þess var, að nokkrir af innbúum Seltjarnarneshrepps hafi nú mælst undan gjaldi þessu næstkom. ár. Ef þvílík undanfærzla ætti að verða tekin til greina, er ekki annað sýnna en að orgelspil í kirkjunni leggist niður um næstkomandi nýár, því það mun vera einungis með því skilyrði, að þau ofannefndu laun, samtals 200 rdl., haldist, að organistinn hefur ljeð máls á, að halda áfram starfi sinu framvegis, enda verður varla með sanngirni ætlast til þess, eptir því sem allar kringumstæður eru, að hann vilji vera við starf sitt ef hann ekki fær að halda þeim áminnstu launum, sem virðast allt annað en að vera há fyrir þann mann, sem búinn er að þjóna milli 20 og 30 ára.

Skyldi nokkur fyrirstaða verða á greiðslu þeirra ~~aptur~~ opt nefndu launa, er því að því vísu að ganga að orgelspil hætti í dómkirkjunni um næstkom. ára-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skipti, og verdur því ekki neitað, að slíkt er í sjálfu sjer
hneyksli; en jeg fæ ekki heldur betur sjeð, en að með
því sje einnig nokkurnvegin algjörlega lokað öllum
kirkjurækni í landsins einustu dómkirkju og hefi
jeg í brjefi mínu til Yðar Hávelborinheita af 9da
Marts seinastl. fært ljós rök fyrir, að svo hlýtur að
verda, eptir þeim kringumstæðum, sem nú eru, ef
orgelspilið ekki heldur áfram.—

Af þessari ástæðu og af því jeg innilega óska
að afstýrt verði öllu hneyksli, sem á nokkurn veg geti
snert það embætti, sem mjer er tiltrúað, leyfi jeg mjer
hjermeð að biðja Yðar Hávelborinheit sjá svo til, að
eins og í ár, verði framvegis næstkomandi ár, greida
af söfnuðinum sú launaviðbót til Organistans, sem
fylli svo launin, að þau sjeu samtals 200 rd., og
hygg jeg þetta sje alveg samkvæmt úrskurði Yðar
Hávelborinheita í fyrra, sem mun hafa sagt svo
fyrir, að gjald þetta skyldi jafnast niður á sveitar-
fjelög sóknarinnar „fyrst um sinn" eður þangað til
um þetta efni fæst úrskurður stjórnarinnar, sem og
að söfnuðinum ekki sje ~~lagt~~ með þessu lagt neitt
annað á herðar, en það, sem er skylda hans, nl. að
annast ~~um~~ kirkjunni samboðinn og sjálfum sjer sam-
andi messusaung.

!! með hvaða laga-heimild?

Reykjavík 19da November 1861.

Auðmjúklegast
O. Pálsson

Til
Stiptamtmannsins yfir Islandi.

In fidem
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

engi álykt...

??

?

Stiptamtið hefir hinn 3. þ. m. skrifað mér þannig:

"Með yðar heiðraða brjefi frá 5. f. m. hafið þér herra bæjarfógeti, sent amtinu brjef bæjarfulltrúanna frá 29. Oct. næst á undan, viðvíkjandi launaviðbót þeirri, sem fyrir árið, sem út er að líða hefir verið greidd organistanum við dómkirkjuna úr bæjarsjóðnum eptir ályktun safnaðarfundar þess, sem hér var haldinn í fyrra haust og meiri hluta bæjarfulltrúanna, sem og samkvæmt brjefi mínu frá 17. desbr f. á. og hefir bæjarstjórnin eptir að hún er búin að taka það fram að það liggi næst við, að laun organistans við dómkirkjuna og því einnig viðbótin þeirra sé greidd af tekjum kirkjunnar eða úr ríkissjóðnum eins og bæjarstjórnin hafi áður leitt fram að undanförnu, lýst því yfir, að hún vænti þess, að Amtið mæli fram með þessari viðbótinni hjá stjórninni og svo segir enn framar í brjefinu að þó meiri hluti fulltrúanna hafi á fundi 29. Novbr. á.[1 (sic)] orðið á því að bæta laun organistans úr bæjarsjóði, þá hafi sú ályktun þeirra verið bundin við það skilyrði að organistanum sem söngkennara væri ekki eða hefði ekki verið gjört að skyldu að spila á orgelið í dómkirkjunni og sömuleiðis hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það verið skýrt tekið fram að nú vitta launa-
bót ekki stæði lengur en þangað til kjör organist-
ans yrðu viðunanleg og laus hefir bæjarstjórnin
beiðzt upplýsinga bæði um það, hvað gjört
hefir í málinu síðan í fyrra og einkum
þó um það hvort það ekki hafi verið
understaðan hjá stjórninni 1848, þegar þessu
máli var hreift, að organistaemtta
þjónustan og söngkennslan í lærða skólanum
framvegis skyldi verða sameinuð, því undir
þessu sé komið hvort launaviðbót nú til
organistans sem hér ræðir um geti tekizt
upp á áætlunina fyrir næsta ár eða ekki.

Í tilefni af öllu framanskrifuðu skal eg ekki
undanfella hér með þénustusamlega að láta
yður, herra bæjarfógeti, í ljósi, og biðja yður
að gefa bæjarstjórninni til vitundar sem
fylgir:

Hvað þá fyrsta það atriði snertir að það
sé óeðlilegast að laun organistans sé greidd
af tekjum kirkjunnar eða úr ríkissjóðnum
skal eg leyfa mér að benda á, að þessi staðan
í málinu, þó henni bæði nú og fyr hafi verið
haldið fram af bæjarfulltrúunum, er gagn-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sbr. 1849

stað því sem stjórnin fyrrum optar en einu sinni
hefir látið í ljósi með því hún ekki hefir stað víða
í því, sem í því efni viðgengst og lögboðið er í Dan-
mörku, því þar eru laun organistanna ýmist
greidd algjörlega af tekjum kirkjunnar, ýmist
bæði af tekjum kirkjunnar og af söfnuðinum
eða einungis af hlutaðeigandi söfnuði.

!!

Þessa vegna er það mjög líklegt að stjórnin,
yrði málið borið upp við hana að nýju
mundi fara meðalveginn og gjöra söfnuð-

So!

inum að skyldu að bera þátt í borgun
organistalaunanna viðlíka eins og þetta
nú hefir átt sér stað og það gæti enda
farið svo, að söfnuðinum yrði gjört að
skyldu að borga organistanum algjör- /
lega laun hans, eins og stjórnin fór fram
á árið 1848 og það er einmitt þetta atriði, sem

en féll frá algjör-lega;

ef til vill gjörir það ísjárvert, að fara með
málið til stjórnarinnar; og skyldi hún í vetur
er leið frá því, er gjörst hafði í málinu í fyrra

hvenær og hvernig?

haust, en eg hefi ekki fengið nokkra ávísun

!

út af því frá stjórninni, en að líkindum
kemur af því, að hún hefir fallist á það, sem
gjörst hafði í málinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hvad þad snertir, hvort saungkennarinn vid skólann sé, sem slíkur, skyldur til ad spila á orgelid, get eg ekki álitid ad svo sé, því

einnig 1849

ad vísu hafa Stiptsyfirvöldin árid 1859 stúngid upp á því vid kennslustjórnarrádid, ad organista og saungkennara köllunin vid skólann yrdi sameinud og nefnt stjórnarráds sama ár svarad þeirri uppástúngu á þá leid ad þad hefdi ekkert á móti henni ef skólasjódnum ekki yrdi íþýngt med því fyrirkomulagi; en þar sem ekkert köllunarbréf hefir verid gefid út til hlutadeiganda hvorki sem organista né saungkennara, verdur ekki álitid,

hver sem er þat at kenna, eda hver hefir forsómat þad?

ad þessi sameining sé ödruvísi en einungis faktisk, og sé þessi skodun á rökum byggd þá leidir aptur þar af, ad þessi faktiska sameining saungkennslunnar í skólanum og orgelspilsins í kirkjunni ekki getur haft í sér neina skuldbindingu fyrir Organistann sem því líkan, og því ekki heldur neins áhrif á spursmálid um hvort launa vidbótin til organistans eigi ad takast upp í næsta

er þad ekki nóg?

So!

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki / satt / ósatt!

árs áætlun eða ekki, enda var þetta ekki gjört að skilyrði frá hálfu meiri hluta bæjarstjórnarinnar í fyrra haust þegar hún ályktaði að aptnefnda launaviðbót skyldi greiða organistanum, heldur það að staða hans ekki breyttist þannig að hún í launalegu tilliti yrði viðunanleg.

Eptir því sem þannig er tilgreint, leyfi eg mér að vonast þess, að hin heiðraða bæjarstjórn samkvæmt bréfi mínu í fyrra frá 17. desbr. taki þá umrædda launaviðbót upp í áætlunina fyrir næstkomandi ár, en eg skal í annan stað bera málið í vetur upp við stjórnina í þá stefnu sem fulltrúarnir hafa bent á og óskað. Það virðist auðsætt að það er umvarðandi að þetta mál komist þannig í kring með góðu samkomulagi og skal eg leyfa mér að leggja hér með bréf dómkirkjuprestsins, er lýsir áhuga hans á málinu og lýsir sömu stefnu og eg nú tók fram og vilduð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þér herra bæjarfógeti einnig þóknanlega styðja að hinu sama með yðar góðu tillögum og það því fremur sem hér er um tiltrœði að gjöra hvað hvern einstakann greiðanda snertir.

engi áhætta

"Bréf dómkirkjuprestsins auðsætt undirrentt."

þetta undanfelli eg ekki hér með að tilkynna hinum heiðruðu bæjarfulltrúum til athugunar við næsta árs ~~niðurjöfnun~~ áætlun:.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík, 5. Decbr 1861.

A. Thorsteinson

Til

Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stiptamtið hefur þann 3. þ. m. skrifað mjer þannig:

„Eins og yður Herra bæjarfógeti er kunnugt hefur Mad^me Jórunn Jónsdóttir á Sauðagerði óskað þess af Amtinu, að það, ef mögulegt væri, fríaði hana við bæjargjald það, sem hún á að greiða í ár, samtals 3rd 56sk., en þar sem bæjarstjórnin, sem jeg sendi ~~brjefið~~ bænina til álita og mögulegrar linkindar, ekki hefur fundið ástæðu til, að mæla hana undan þessu gjaldi, hvorki in totum nje in tantum (: og sá var þó tilgangurinn með að senda henni brjefið, að hún þ: bæjarstjórnin mögulega kynni að vilja veita Mad^me Jórunni eitthvað í og leggja það til við Amtið:) leyfi jeg mjer hjermeð þjenustusamlega að biðja yður, að tilkynna Mad^me Jórunni, að Amtið eptir kringumstæðunum ekki geti veitt henni þá umbeðnu ívilnun eða eptirgjöf á bæjargjaldi hennar fyrir yfirstandandi ár“.

Þetta undanfelli jeg ekki hjermeð að gefa yður, heiðruðu bæjarfulltrúar til þóknanlegrar vitundar.

Skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík 5. Dec. 1861.

A Thorsteinson

Til
Bæjarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt fyrirmælum tilskipanar 27 Nov
1846 átti fátækranefnd Reykjavíkur fund
með sér þann 29 þ. m. til þess að gjöra áætlun
um upphæð þá sem á næsta ári mun þurfa
til framfæris þurfamönnum og fullnægja lög-
boðinna fátækra-skyldu útgjalda

Eptir þessu var áætlað að á næsta ári muni
þurfa að jafna á bæarbúa sem aukaútsvari
eptirfylgjandi:

a.) handa vissum þurfamönnum	1173 rd – 10 sk
b) handa óvissum þurfamönnum og til greptrunar fátækum	200 – "
	1373 rd – 10 ß.

Til lúkningar þessu er í vændum

a) Vextir af fátækrafé	16 rd "	
b Gjöf byskups og óvissar tekjur	30 "	
c) fátækratíund	60	106 – "

Verða þá eptir 1267 rd – 10 sk

sem hljóta að jafnast niður á bæarbúa, og hefir fá-
tækranefndin mælst til að eg sem bæarfógeti skyldi
skrifa bæarfulltrúunum um þetta.

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavík 30 Novbr 1861

A Thorsteinson

Til

Bæarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt fyrirmælum [illegible] 27. Nov 1846 19 gr. átti skólanefnd Reykjavíkur fund með sér í dag til þess að gjöra áætlun um útgjöld þau sem á næsta ári muni viðþurfa til barnaskólahalds.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að sjálfsagt sé að ætlast til að barnaskóli verði settur á næstkomandi ári; og haldinn hina 3 síðustu mánuði þess árs, og virðist nefndinni að til þessa skólahaldi yrði að gera eptirfylgjandi áætlun um útgjöld skólans.

1. handa föstum kennara frá 1 Okt. til 31 Dec. — 125 rd

2. til ljósa og eldiviðar (n. á.) þar þetta hlýtur að innkaupa svo nægi til 9 mánaða eða allan skólagöngutímann, og álítur nefndin að hagkvæmast muni verða að þetta sé keypt fyrir fram — 75 rd

3. fyrir þvott hreinsun og umsjón og kyndingu á eldivið og ofnum í 3 mánuði — 12 rd

4 Assurance og smávegis viðhald á skólahúsinu reiknað fyrir allt árið 1862 — 50 rd

—————

262 rd

Til lúkningar þessu er eptir óreyndu mati að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvárt við að fáist

af skólaleigu eptir samningi frá 1 Januar til 14 mar 1862 — rd ß 13 – 48

b. skólapeningar áætlad fyrir 30 börn — 72 –

85 rd 48

Samt þá 176 rd 48 ß

og leyfir nefndin sér að vænta að gjöldum þessum verði fullnægt samkvæmt tilskipun 12 des. og opnu brefi 26 Sept. 1860, fyrir þóknanlega ráðstöfun hlutadeigandi úr bæarsjóði af næsta árs áætlun.

Fyrir hönd skólanefndarinnar leyfi eg mér að senda yður bréf þetta

Skrifstofu bæarfógeta í Reykjavik 30 Nov. 1861

A Thorsteinsson

Athugasemd: Skólanefndarinnar vegna verð eg að gjöra þá athugasemd að henni er kunnugt að leitað hafi verið stjórnarinnar um árlegt tillag til barnaskólans af Thorkillii sjóði, en að ekki sé útséð um hvort það fáist og með hvaða kostum.

d. u. s.

A Thorsteinsson

Til

Bæarfulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8

8 a

þessum

opin

höfum

ttum

ð

186

ið

skilli

d

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur